

Nr. 011 / 13 Oddur á Nesi SI 76***Fær í skrúfunu og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2799
Smíðaður: Siglufirði 2010 plast
Stærð: brl. 14,96 bt.
Mesta lengd: 12,36 m Skráð lengd: 11,3 m
Breidd: 3,78 m Dýpt: 1,48 m
Vél: Volvo Penta 335 kw 2009
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:
Gögn RNS



Oddur á Nesi©Fiskifrétir

Málið afgreitt á fundi 27. september 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirprúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. febrúar 2013 var Oddur á Nesi SI 76 á siglingur um 5 sml norður af Skagatáarvita. Veður: Logn.

Siglt var á fullri ferð út á miðin þegar skyndilega þyngdist á vélinni svo báturinn hristist og nötraði. Skipstjóri kúplaði þegar frá skrúfu og gekk vélin þá eðlilega.

Fljótlega kom í ljós að eitthvað hafði farið í skrúfunu og óskaði skipstjóri eftir aðstoð við að draga bátinn til hafnar. Björgunarskipið Sigurvin kom á staðinn og dró Odd á Nesi til Siglufjarðar þar sem hann var tekinn á land. Reyndist nótariðill vera í skrúfunni.

Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun á skrúfu og gírbúnaði komu engar skemmdir í ljós.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.